

Skráning og fermingardagar

Skráning í fermingarfræðslu hefst sunnudaginn 10. maí kl. 21:30 á www.lindakirkja.is/fermingar. Fermingarfræðslugjald fyrir veturinn er 36.700 kr. en 46.700 kr. fyrir þau sem eru utan þjóðkirkju.

Fermingardagar vorið 2027

Laugardagur 6. mars kl. 11:00 og 13:30

Sunnudagur 7. mars kl. 13:30

Laugardagur 13. mars kl. 11:00 og 13:30

Sunnudagur 14. mars kl. 13:30

Laugardagur 20. mars kl. 11:00

Pálmásunnudagur 21. mars kl. 13:30

Lindakirkja

Uppsölum 3, 201 Kópavogur
Sími 544 4477
lindakirkja@lindakirkja.is
www.lindakirkja.is



Hvað erum við að gera?

Upplýst trú, gagnvirk fræðsla

Markmið okkar með fermingarfræðslunni er að veita góða kennslu um kristna trú, svo fermingarbörnin taki upplýsta ákvörðun um að gera Jesú Krist að leiðtoga lífsins.

Kennslustundir og helgistundir

Í fræðslunni kallast á hefðbundnar fræðlustundir og helgistundir þar sem lögð er áhersla á að kenna sögur úr Biblíunni, biðja og syngja.

Fjölbreytt kirkjustarf

Fermingarbörn í Lindakirkju eru alltaf **velkomin í guðspjónustur**. Þær eru **á sunnudagskvöldum kl. 20:00**.

Fimm af messum vetrarins verða sérstaklega ætlaðar fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra. Æskulýðsstarfið er líflegt og Unglingagospelkór Lindakirkju öflugur. Við hvetjum fermingarbörn sérstaklega til að kynna sér hvort tveggja.



LINDAKIRKJA

FERMINGAR fræðsla

VETURINN 2026-2027

www.lindakirkja.is

Komið pið sæl!

Með þessum bæklingi boðum við fermingarárgang 2027 og forráðamenn þeirra fermingarbarna í messu og til fundar í **Lindakirkju sunnudaginn 10. maí kl. 20:00**. Í kjölfar fundarins hefst svo skráning í fræðslu og fermingu á www.lindakirkja.is/fermingar.

Við hlökkum til að hitta ykkur!
Bestu kveðjur,
Áslaug Helga, Dís,
Guðmundur Karl og Guðni Már

Fræðsludagar

Fermingarstarfið hefst með fjögurum fræðsludögum vikuna áður en skólar hefjast eða **pri. 18. – fös. 21. ágúst. Lindaskóli og Salaskóli** verða fyrir hádegis, frá **kl. 9–12** en **Kóraskóli og Vatnsendaskóli** frá **kl. 13–16**. Auk fræðslustunda verður námið brotið upp með leikjum og söng. **Sunnudaginn 23. ágúst kl. 20:00** er messa sem markar upphaf fermingarvetrarins sérstaklega helguð fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra.

Námið

Við notum meðal annars námsefnið **AHA!** en undirtónn þess eru orð Krists: *Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig*. Við horfum á fræðandi þætti sem kenna grunnatriði trúarinnar á auðskilinn hátt. Við fjöllum um sorgina, gleðina, sjálfsmyndina, þakklætið, fyrirgefninguna, sköpunina og umhverfið. Í nóvember tökum við þátt í söfnunarverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar.

Fermingarnámskeið

Einn af hápunktum vetrarins er fermingarnámskeið í Vatnaskógi. Farið verður eftir skóla frá 6.–8. okt. og 13.–15. okt. Linda- og Salaskóli fara í fyrri ferðina en Vatnsenda- og Kóraskóli í þá seinni. Gist verður í tvær nætur og gjaldið því ögn hærra en hjá öðrum söfnuðum. Fullt verð er 29.900 kr. Börn sem skráð eru í Þjóðkirkjuna greiða 24.900 kr. Hafið samband við Lindakirkju ef greiðsluferfiðleikar eru fyrir hendi.

